

Lagning 66 kV jarðstrengs milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengs yfir Arnarfjörð

Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 12. apríl 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti hf. um fyrirhugaðan jarðstreng milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengs yfir Arnarfjörð, Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Skipulagsstofnun leitaði viðbragða eftirtalinnna hagsmunaaðila: Arctic Fish, Arnarlax, Íslenska kalkpörungafélagið ehf., Strandveiðifélagið Krók - félag smábátæigenda í Barðastrandasýslu, Eldingu - félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum og Björn Magnús Magnússon (v/rækjuveiða).

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning 66 kV jarðstrengs milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengs yfir Arnarfjörð. Styrking flutningskerfisins á sunnanverðum Vestfjörðum. Landsnet hf.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ísafjarðarbæ dags. 8. júní 2021,
- Vesturbyggð dags. 5. maí 2021,
- Hafrannsóknastofnun dags. 21. apríl 2021,
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 20. apríl 2021,
- Minjastofnun Íslands dags. 3. maí 2021,
- Orkustofnun dags. 15. júní 2021,
- Umhverfisstofnun dags. 26. apríl 2021,
- Vegagerðinni dags. 11. maí 2021.

Athugasemd barst frá Íslenska kalkpörungafélaginu ehf. dags. 15. apríl 2021.

Athugasemd barst frá Sigurði Hreinssyni dags. 26. apríl 2021.


Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 28. júní 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhugað er að leggja 66 kV jarðstreng og sæstreng milli Mjólkár og Bíldudals í Arnarfirði. Jarðstrengurinn mun liggja á um 16 km löngum kafla frá Mjólkársvirkjun í botni Borgarfjarðar, meðfram þjóðvegi nr. 60 að Auðkúlubót vestan Hrafnsýrar og mun svo sæstrengur á um 11 km kafla taka við þvert yfir Arnarfjörð að Haganesi. Frá Haganesi verður um 3 km langur jarðstrengur



að nýju tengivirki syðst í Bíldudal. Á Bíldudal þarf að byggja 120 m² og 5 m hátt 66 kV tengivirki með þremur rofareitum. Einnig verður bætt við nýjum rofareit við núverandi tengivirki við Mjólkársvirkjun.



Mynd: Fyrirhuguð lagnaleið m.t.t. svæða sem njóta verndar.

Lagnaleiðin þverar nokkrar ár og læki, s.s. Litlueyrará við Bíldudal, Geldingadalsá á milli Auðkúlu og Hrafnsseyrar, Gljúfurá og Hófsá í botni Borgarfjarðar. Árnar verða þveraðar með því að grafa þrjú ídráttarrör undir farvegina og fergja þau og skorða undir árbotninum. Jarðstrengurinn verður grafinn á um 1 m dýpi og lagður í sérstakan varmaleiðandi strengjasand. Sæstrengurinn verður lagður út ofan á botninn með sérútbúnu skipi til verksins. Slóðagerð verður lágmarkuð eins og kostur er með því að nýta fyrirliggjandi slóðir og vegi og í tilfelli strenglagnar norðan Arnarfjarðar mun strengurinn liggja í eða utan í þjóðveginum nema á stuttum kafla næst Auðkúlubót þar sem strengurinn fer niður að ströndinni. Sunnan fjarðar mun strengurinn fylgja þjóðveginum frá ströndinni vestan við Haganes að botni Bíldudalsvogar sunnan megin en fara þaðan með hlíðinni og þvera dalinn að mestu í jaðri túna og annars ræktaðs lands. Í túnum og þurru, grónu landi er ekki reiknað með slóðagerð ef mögulegt er að komast hjá því. Þar sem land er blautt getur þurft að leggja slóðir og umfang getur því verið háð tíðarfari. Á viðkvæmum svæðum er reiknað með að nota dúk undir slóðir og gert er ráð fyrir að slóðir og möguleg vinnuþlön við tengiholur verði fjarlægð að lokinni lagningu strengsins.

Efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er tvíþætt, annars vegar er um að ræða strengjasand í skurði og hins vegar efni í vegslóða og plön. Slóðagerð verður haldið í algjöru lágmarki. Efni til slóðagerðar mun koma úr námum sem eru í rekstri í grennd við framkvæmdasvæðið. Áætluð efnisþörf af strengjasandi er tæplega 500 m³/km en það gera um 9.500 m³ fyrir allt verkið.



Áhersla verður lögð á að lágmarka allt yfirborðsrask á framkvæmdasvæðum og endurnýta eins og kostur er núverandi gróður og jarðveg við yfirborðsfrágang. Þar sem ekki verður hægt að endurnýta svarðlag til fullnaðarfrágangs verður sáð í skurðsár þar sem land er gróið með tegundum sem samræmast gróðri sem fyrir er á svæðinu. Röskuð svæði verða felld vel að aðliggjandi svæðum og umhverfi og verkinu skilað þannig að útlit gróðursvæða verði sem næst því sem var þegar verkið hófst. Frágengið yfirborð nær yfir alla breidd þess svæðis sem skurður, uppgrafið efni og möguleg slóð nær yfir.

Strengleiddinni verður hnikað frá verndar- og viðkvæmum svæðum auk fornminja þar sem það er mögulegt. Mismunandi útfærsla mannvirkja á viðkvæmum svæðum, s.s. að leggja dúk undir slóða svo hægt sé að fjarlægja eftir framkvæmdir og að þetta skurði þar sem þeir fara í gegnum votlendi. Reynt verður að tímasetja framkvæmdir innan árs eins og hægt er m.t.t. áhrifa á gróður og dýralíf, s.s. ástand gróðurs, varps fugla og göngu fiska. Einnig að varðveita svarðlag og gróðursetja eða sá fræi með staðartegundum í röskuð svæði.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets hf., umsögnum umsagnaraðila og athugasemdum athugasemjenda.

Vistgerðir

Við Bíldudalsvog mun strengurinn fara um starungsmýravist og gulstararflóavist, en báðar eru votlendisvistir sem hafa mjög hátt verndargildi. Einnig fer strengurinn um bugðupuntsvist sem hefur hátt verndargildi. Á norðurströnd Arnarfjarðar mun strengurinn verða grafinn m.a. í gulstararfitjavist og aðrar vistgerðir með hátt verndargildi; bugðupuntsvist, finnungsvist og lyngmóavist. Gulstararfitjavist í Auðkúlubót er afmörkuð sem sjávarfitjar sem heyra undir sérstaka vernd. Vegna mótvægisáðgerða má gera ráð fyrir að raskað svæði muni ná sér á ný en kanna má frekar hvort leiða megi strengleidd framhjá afmörkuðum sjávarfitjum í Auðkúlubót. Á Haganesi er klóþangsklungur, sem er vistgerð með mjög hátt verndargildi. Landtökustaður strengsins verður vestan og sunnan við þessa fjöru og verður hann grafinn þar í þangfjöru, sem er ekki flokkuð frekar. Í Auðkúlubót verður jarðstrengurinn lagður um grýtta sandleirsfjöru, sem hefur lágt verndargildi. Mokað verður yfir strenginn í fjörunni við lok framkvæmdar og sjávarföll munu stuðla að því að raskað svæði leiti aftur í fyrra horf.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að um sé að ræða strenglögn á fremur stuttum köflum á viðkvæmum svæðum, hægt á að vera að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar ef unnt verður að sleppa slóðagerð á viðkvæmustu stöðunum og jafnframt að velja verktíma þegar land er þurrast og varp er ekki yfirstandandi. Fyrri framkvæmdir af þessu tagi hafa sýnt, að unnt er að draga verulega úr neikvæðum áhrifum með góðri umgengni og frágangi.

Straumvötn, þveranir og sjór

Fram kemur að á fyrirhugaðri lagnaleið eru þveraðar nokkrar ár og lækur, s.s. Litlueyrará við Bíldudal, Geldingadalsá milli Auðkúlu og Hrafnsýrar, Gljúfurá, Grjótá og Hófsá í botni Borgarfjarðar. Alls verða þrjú ídráttarrör lögð undir farveg ána og áhersla skal lögð á að sem minnst rask verði og frágangur verði vandaður. Einnig kemur fram að á botni Arnarfjarðar er að finna kalkþörungum og óvenju mikið af kalkþörungaseti sem nýtt hefur verið til kalkþörungavinnslu, en setlög kalkþörungum er helst að finna í Bíldudalsvogi, Fossfirði, Reykjafirði og út með Langanesi. Töluverðar rannsóknir hafa verið gerðar á botndýralífi fjarðarinnar, aðallega í tengslum við framkvæmdir er tengjast fiskeldi og kalkþörunganámi.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að þéttleiki laxfiska hafi verið kannaður af og til síðastliðin ár og kemur bæði lax og bleikja fyrir í Hófsá en í mjög lágum þéttleika. Engar rannsóknir



liggja fyrir í öðrum vatnsföllum sem fyrirhugað er að þvera við fyrrnefnda framkvæmd. Grjótá og Gljúfurá eru litlar að vatnsmagni þar sem farvegur er mjög brattur og eru fiskgengar á stuttum kafla. Geldingadalsá og Litlueyrará eru stærri vatnsföll sem falla meira á láglandi og þar gætu verið til staðar stofnar laxfiska, en engar heimildir liggja fyrir um veiðinýtingu í þessum ám. Hafrannsóknastofnun telur ólíklegt að gruggmyndun verði mikil við lagningu sæstrengsins í sjó þar sem hann mun liggja að mestu leyti ofan á hafsbotninum. Þau svæði sem gruggmyndun getur orðið við framkvæmdirnar eru helst nálægt ströndinni við Auðkúlubót og Haganes. Hluti af sæstrengnum mun liggja niðurgrafinn við ströndina. Tryggja þarf að sæstrengurinn verði grafinn nógu djúpt niður á þessum svæðum til þess að minnka líkur á að brimrót, lagnaðarís og straumar valdi því að rof komi á yfirborðið. Ef rétt er staðið að framkvæmdum er ólíklegt að mati Hafrannsóknastofnunar að umtalsverð neikvæð áhrif verði á lífríkið í firðinum eða á veiðinýtingu þeirra áa sem til stendur að þvera.

Fuglar

Fram kemur að í athugun Náttúrustofu Vestfjarða voru fimm tegundir staðfestar sem varpfuglar á svæðinu við Bíldudalsvog og sex tegundir líklegir varpfuglar. Algengustu varpfuglar voru æðarfugl og kría. Allar ellefu tegundirnar teljast algengir varpfuglar, bæði á landsvísu og á Vestfjörðum. Æðarvarp við Auðkúlu er friðlýst frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert. Fyrirhuguð strengleið, miðað við núverandi stöðu hönnunar, fer inn á umrætt svæði við landtöku sæstrengs. Auk æðarfugls má gera ráð fyrir varpi vaðfugla eins og tjalds, sandlóu, hrossagauk og stelka á svæðinu og einnig er líklegt að kríur verpi.

Menningarminjar

Fram kemur að fyrirhugað er að fá fornleifafræðing á svæðið til að gera könnun á strengleiðinni utan vegstæða næsta sumar. Leiði sú könnun í ljós áður óþekktar minjastaði verður strengleiðinni hnikað til eða gripið til annarra aðgerða sem minjavörður svæðisins leggur til. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. lög um menningarminjar, verður haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Minjastofnun bendir á að gera þurfi minjaverði Vestfjarða grein fyrir niðurstöðum fornleifaskráningar þegar hún liggur fyrir og hafa þarf samráð við minjavörð þurfi að hnika strengleiðinni til vegna fornleifa eða grípa til annarra mótvægisáðgerða vegna þeirra.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Skipulagsstofnun bendir á að ekki er gerð grein fyrir fyrirhuguðum jarðstreng eða sæstreng í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 eða Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2009-2021.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi, auk leyfis Fiskistofu vegna framkvæmda við ár og vötn samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Skipulagsstofnun bendir á að áform eru um stofnun þjóðgarðs á Vesturfjörðum og mun lagning jarðstrengs frá Mjólka að landtaki í Auðkúlubót verða að hluta innan marka þjóðgarðs. Gangi þau áform eftir er framkvæmdin háð leyfi Umhverfisstofnunar.



6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða 66 kV jarðstreng og sæstreng milli Mjólkár og Bíldudals í Arnarfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda og kjörlendis dýra, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur eru á áhrifum og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laganna.

Framkvæmdin er eins og áður segir nokkuð umfangsmikil, fyrst og fremst þar sem hún er 19 km á landi og 11 km í sjó. Mestur hluti lagnaleiðarinnar er fyrirhugaður á svæði sem þegar hefur verið raskað vegna vegagerðar og landbúnaðar. Að mati Skipulagsstofnunar felast neikvæð áhrif framkvæmdarinnar fyrst og fremst í áhrifum á vistgerðir og farvegi straumvatna. Ef verktilhögun framkvæmdaraðila verður í samræmi við þær ábendingar sem fram koma í umsögn Hafrannsóknastofnunar telur Skipulagsstofnun að hægt sé að draga verulega úr neikvæðum áhrifum. Í ljósi þess telur Skipulagsstofnun afar brýnt að fyrirhuguð þverun straumvatna taki mið af þeim ábendingum um verktilhögun sem fram hafa komið og að áform Landsnets varðandi frágang verði eins og lýst hafi verið. Að mati Skipulagsstofnunar þarf í framkvæmdaleyfi að kveða sérstaklega á um frágang að jarðstrengslögn lokinni.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. ágúst 2021.

Reykjavík, 26. júlí 2021.

Sigurður Ásbjörnsson